

Síld og fiskur ehf

**Skýrsla um grænt bókhald
svínabús á Minni-Vatnsleysu 2003**

1	Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess	3
1.1	Almennar upplýsingar	3
1.2	Starfsleyfi	3
1.3	Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir	3
1.4	Staðsetning	3
1.5	Framleiðsluferli	3
1.5.1	Smágrísaeldi	3
1.5.2	Unggrísaeldi	3
1.5.3	Eldisgrísaeldi	4
1.5.4	Slátrun	4
1.5.5	Fóðrun og fráveita úrgangs	4
1.6	Stærð fyrirtækisins	4
1.7	Umhverfisþættir í grænu bókhaldi	4
1.8	Þátttaka starfsmanna að grænu bókhaldi	4
2	Umhverfisstefna Síldar og fisks ehf	6
3	Lykiltölur	6
3.1	Framsetning	6
3.2	Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi	6
3.3	Framleiðsla og fjöldi dýra	6
3.4	Hráefni, hjálparefni og auðlindir	6
3.4.1	Hráefni	6
3.4.2	Hjálparefni	6
3.4.3	Auðlindir	6
3.5	Umhverfisþættir	7
3.5.1	Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum	7
3.5.2	Mengunarefni í frárennsli	7
3.5.3	Mengunarefni í útblæstr, lyktarmenguni	7
3.5.4	Mengunarefni frá sláturhúsi	7
3.5.5	Annar úrgangur	8
3.5.6	Magn og meðferð úrgangs og mengunarefna	Error! Bookmark not defined.

1 Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess

1.1 Almennar upplýsingar

Nafn:	Síld og fiskur ehf
Heimili:	Dalshraun 9b, Hafnarfirði
Starfsstöð:	Svínabú Minni Vatsleysu, Vatsleysuströnd
Númer fyrirtækjaflokks:	6.6
Tímabil sem grænt bókhald nær yfir:	1. janúar – 31. desember 2003
Stjórn Síldar og fisks ehf skipa:	Jakob Bjarnason, formaður Óskar Jósefsson Geirlaug Þorvaldsdóttir
Varamenn:	Helgi Sigurðsson Jón Auðunn Jónsson
Tengiliðir græns bókhalds:	Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Gunnar Andersen, bústjóri

1.2 Starfsleyfi

Gildistími:	14. júní 2001-14. júní 2007
Útgefandi:	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
Eftirlitsaðili:	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

1.3 Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir

Þauleldi svína með fleiri en 3.000 alisvín yfir 30 kg sbr grein 6.6. í reglugerð 851/2002.

1.4 Staðsetning

Svínabúið er staðsett á Minni-Vatsleysu á Vatsleysuströnd. Búið er staðsett um 18 km frá Hafnarfirði og um 11 km frá Vogum á Vatsleysuströnd.

1.5 Framleiðsluferli

Starfsemi svínabúsins felst í framleiðslu eldisgrísa til slátrunar, auk slátrunar þeirra grísa sem búið framleiðir. Afurðir búsins eru svínaskrokkar, tilbúnir til vinnslu. Helstu þættir í starfseminni eru got og smágrísaeldi, ungrísaeldi, eldisgrísaeldi og slátrun.

1.5.1 Smágrísaeldi

Í smágrísaeldi eru grísir aldir frá fæðingu til 8-9 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 4 vikur. Grísir dvelja hjá gyltum í þessum hluta eldisins og eru aldir á mjólk auk fòðurs.

1.5.2 Unggrísaeldi

Í ungrísaeldi eru grísir aldir allt til 25-30 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 6 vikur.

1.5.3 *Eldisgrísaeldi*

Í eldisgrísaeldi eru grísir aldir allt til 90-100 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 14-15 vikur. Heildareldistími er því að jafnaði um 24-25 vikur.

1.5.4 *Slátrun*

Við lok eldisgrísaeldis er grísum slátrað í sláturhúsi búsins. Skrokkarnir eru síðan fluttir til vinnslu í kjötvinnslu Síldar og fisks ehf í Hafnarfirði.

1.5.5 *Fóðrun og fráveita úrgangs*

Á öllum stigum eldisins er um að ræða fóðrun og fráveitu úrgangs.

Svínabúið á Minni-Vatnsleysu notar eingöngu tilbúið fóður. Fóðrinu er dælt í tanka sem staðsettir eru við svínahúsin og er því síðan dælt inn í svínahúsin í gegnum fóðurkerfi búsins.

Hreinsivirki er starfrækt við búið. Hreinsivirkið tekur við mykju úr flórum svínahúsanna og skilur að þurr- og blauthluta efnisins. Blauthluta er dælt á haf út en þurrhlutinn er borinn á gróðursnauð svæði á Reykjanesi í samvinnu við samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og Landgræðslu Ríkisins.

1.6 **Stærð fyrirtækisins**

Árið 2003 voru 9 fastráðnir starfsmenn við svínabú Síldar og fisks ehf á Minni-Vatnsleysu.

Heildarframleiðsla svínabúsins á árinu 2003 var 8.804 stk (grísir, fullorðin dýr), alls 652.653 kg.

1.7 **Umhverfispættir í grænu bókhaldi**

Í starfsleyfi svínabúsins á Minni-Vatnsleysu er kveðið á um reglubundið eftirlit með þeim umhverfispáttum sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þættirnir snúa m.a. að eftirtöldum þáttum:

- Meðferð hættulegra efna
- Meðferð úrgangs

Engin ákvæði eru í skilyrðum fyrir starfsleyfi um umfang rekstrar s.s. fjölda fullorðinna dýra, fjölda eldisgrísa eða heildarframleiðslumagns búsins.

1.8 **Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi**

Starfsfólk skrifstofu Síldar og fisks ehf sér um stóran hluta gagnaöflunar varðandi grænt bókhald hjá fyrirtækinu. Starfsfólkið heldur utan um magntölur varðandi eldsneyti, íblöndunarefni, hreinsiefni, ýmsar rekstrarvörur og smurefni, auk talna um slátrun. Gunnar Andersen, bústjóri annast utanumhald um fóðurnotkun og frárennsli frá svínabúinu. Björgvin J. Bjarnason framkvæmdastjóri sér um samantekt upplýsinganna. Þeir önnuðust gerð þessarar skýrslu.

2 Umhverfisstefna Síldar og fisks ehf

Síld og fiskur ehf hefur ekki markað sér formlega stefnu í umhverfismálum. Félagið hyggst uppfylla að fullu opinberar kröfur sem gerðar eru til umhverfisþátta í rekstrarumhverfi þess.

3 Lykiltölur

3.1 Framsetning

Í skýrslunni eru tölur settar fram með tölulegum hætti í töflum. Leitast er við að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða þannig að hún gefi auðvelda yfirsýn yfir stöðu umhverfisþátta í Grænu bókhaldi.

3.2 Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi

Í skilyrðum fyrir starfsleyfi er ekki að finna ákvæði sem takmarka umfang rekstrar. Þar er þó að finna ýmis skilyrði vegna starfseminnar, sérstaklega varðandi meðferð úrgangs.

3.3 Framleiðsla og fjöldi dýra

Framleiðslumagn svínabúsins á Minni-Vatnsleysu árið 2003 var eftirfarandi:

Þáttur	Gildi
Heildarársframleiðsla (dýr)	8.804

3.4 Hráefni, hjálparefni og auðlindir

3.4.1 Hráefni

Helsta hráefni svínabúsins er fóður. Notkun fóðurs á árinu 2003 var eftirfarandi:

Þáttur	Gildi
Fóður (kg)	3.333.320

3.4.2 Hjálparefni

Hjálparefni svínabúsins eru fyrst og fremst efni sem notuð eru sem íblöndunarefni í fóður og vatn handa svínunum. Þá er um að ræða bólusetningarefni og ýmis lyf sem notuð eru bæði til að fyrirbyggja sjúkdóma og til lækninga.

Þáttur	Gildi
Maurasýra og aðrar sýrur	16.900 kg
Bólusetningarefni	8.570 ml
Bætiefni	16.000 ml
Lyf	112.175 ml

3.4.3 Auðlindir

Auðlindir sem nýttar eru við rekstur svínabúsins eru fyrst og fremst orka og vatn. Notkun auðlindanna á árinu 2003 var eftirfarandi:

Páttur	Mörk
Rafmagn	853.050 kWst
Olía	3.908 lítrar
Kalt vatn	

Upphitun svínahúsanna á sér stað með rafmagni þar sem ekki hefur verið lögð hitaveita að búinu.

Vatn er tekið úr eigin borholum við búíð. Ekki liggur fyrir hver vatnsnotkun er en dælingargeta er 10-12 mínútulítrar.

3.5 Umhverfispættir

3.5.1 Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum

Í framleiðsluferli svínabúsins er notast við maurasýru og önnur sýruefni til að tryggja rétt sýrustig í fôðurlöndum. Notkun sýruefna er takmörkuð (um 0,5% af heildarfôðurmagni). Líkur á að sýruefnin geti valdið mengun eru því takmarkaðar.

Ekki er um að ræða mengunarefni í framleiðsluvörum svínabúsins. Öll lyf hafa fyrningartíma í skrokki dýranna og eru þeim ekki gefin nein lyf sem ekki eiga að vera að fullu horfin úr blóðrás og vefjum við slátrun.

3.5.2 Mengunarefni í frárennsli

Svínamykju er safnað í flóra og dælt í hreinsivirki. Þar á sér stað aðskilnaður, þannig að þurrhluti mykjunnar er skilinn frá blauthlutanum. Blauthlutanum er dælt út í sjó samkvæmt ákvæðum starfsleyfis. Þurrhluti er settur í þar til gerða geymslu, þaðan sem honum er dreift á gróðursnaud svæði á Reykjanesi.

Magn svínamykju og skipting blaut- og þurrefna var eftirfarandi:

Páttur	Gildi
Heildarmagn svínamykju	11.259 tonn
Áætlað magn þurrhluti	1.689 tonn
Áætlað magn blauthluti	9.570 tonn

Magn þurrhluta er áætlað þar sem vigtun fer ekki fram.

3.5.3 Mengunarefni í útblæstri, lyktarmenguni

Nokkur lykt fylgir starfsemi svínabúa. Reynt er að lágmarka lyktina eins og nokkur kostur er. Loftræst er frá öllum eldihúsum búsins. Til að draga úr mengun er í gangi tilraun með að nota sk “biofilter” þar sem útblæstri eins svínahússins er blásið í gegnum lífræna síu (spænir) til að draga úr lyktarmengun.

Engar formlegar kvartanir bárust á árinu vegna lyktarmengunar. Rekstraraðilar eru hins vegar meðvitaðir um þennan áhættuþátt og reyna að lágmarka hugsanlega lyktarmengun.

Notast er við olíu sem orkugjafa á flutningatæki. Flutningatækin hafa mengunarvarnarbúnað sem uppfyllir kröfur opinberra aðila.

3.5.4 Mengunarefni frá sláturhúsi

Mengunarefni frá sláturhúsi eru innfyli, hausar og skrokkar sem ekki fá heilbrigðisvottorð dýralæknis. Þessum úrgangi er safnað í gám við hlið sláturhúss og er honum ekið í úrvinnslu hjá Förgun ehf. Úrganginum er komið fyrir í gámnum í

gegnum lokaða rennu úr sláturhúsi. Ekki er því hætt á mengun af þessum sökum. Á árinu 2003 var alls um að ræða 246.950 kg af slíkum úrgangi.

3.5.5 *Annar úrgangur*

Annar úrgangur samanstendur af sorpi frá svínabúinu. Þessi úrgangur sóttur af Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og er ekki haldið sérstaklega utan um magn hans.

Brennanlegt efni (timbur, pappi, pappír) er sett í annan gám og er hann fluttur til förgunar í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Á árinu 2003 var alls um að ræða 3.700 kg af brennanlegum úrgangi.

3.5.6 *Önnur mengunarefni*

Nokkuð er um notkun efna sem geta mengað umhverfi sitt í rekstri svínabúsins. Þ.á.m. má telja málma, rafhlöður og umbúðir undan lyfjum.

7.960 kg af málmum var skilað til endurvinnslu á árinu 2003.

Rafhlöðum var ekki safnað á skipulegan hátt, heldur voru þær urðaðar með öðrum úrgangi fyrirtækisins. Um mjög lítið magn var að ræða.

Umbúðir af lyfjum eru mestmegnis pappi sem er urðaður með brennanlegum úrgangi.

Alls voru notuð 1.200 kg af klór og 980 kg af klórkvoðu á árinu 2003. Efnin eru notuð við þrif á eldisrými og sláturhúsi.

Stefnt er að aukinni flokkun á úrgangi frá búinu þannig að efni eins og lyfjaumbúðir og -afgangar séu aðgreindir frá öðru sorpi.

Yfirlýsing stjórnar Síldar og fisks ehf

Stjórn Síldar og fisks ehf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessarri skýrslu um Grænt bókhalds svínabús félagsins á Minni-Vatnsleysu. Engin frávik í umhverfismálum eru talin hafa komið fram á árinu 2003 í rekstri búsins.

Reykjavík, 30. ágúst 2004.

Stjórn:

Jakob Gunnarsson
Geirlaus Þorvaldsson
Óskar Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Þjörgun Jón Þjarnarson.

Staðfesting endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Síldar og fisks ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2003. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenski löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Síldar og fisks ehf. um grænt bókhald á árinu 2003 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 30. ágúst 2004.

KPMG Endurskoðun hf.

Sigríður Helga Sveinsd.